

6. maí 2022

Mannréttindaverðlaun Reykjavíkurborgar 2022

Rökstuðningur valnefndar:

Pepp Ísland, grasrót fólks í fátækt er valdeflandi hugsjónastarf byggt á jafningjafræðslu fyrir fólk í fátækt og félagslegri einangrun. Í öllu starfi er lögð áhersla á jafnrétti og baráttu gegn hvers konar mismunun.

Samtökin berjast gegn fátækt og verja hagsmuni þeirra sem búa við fátækt. Aðstæður fólks geta verið mismunandi og ólíkar ástæður fyrir erfiðleikum fólks. Fátækt og félagsleg einangrun er brot á grundvallar mannréttindum því fátækt gerir fólki ekki kleift að lifa með reisu.

Starf samtakanna er byggt á sjálfbærliðum úr hópi fólks í fátækt og félagslegri einangrun sem fer úr hlutverki þiggjanda yfir í að vera veitandi. Þá hefur Pepp Ísland einnig verið með valdeflandi sjálfstyrkingu fyrir sjálfbærliða. Þar kemur saman fólk sem býr við fátækt, er jaðarsett í okkar samfélagi en sem á þar athvarf og finnur sig velkomið.